

Foreldraráð Leikskóla Seltjarnarness (LS)

Fundargerð
18. janúar 2013

Fundur foreldraráðs LS var haldinn kl. 8:15 þann 18. janúar 2013 í Sólbrekku.

Viðstaddir:

Soffía Guðmundsdóttir, Ólafía Harðardóttir, Hildigunnur Magnúsdóttir og Svana Davíðsdóttir

Dagskrá

1. Yfirferð bréfs foreldraráðs til skólanefndar Seltjarnarness

1. Hlutverk foreldraráðs

Svana kynnti drög sín að bréfi til skólanefndar. Eins og fram kemur í fundargerð frá síðasta fundi þá var ákveðið að senda bréf á næsta fund skólanefndar Seltjarnarness og rekja alvarlegar brotalamir bæjarins á eftirliti með öryggi á leikskólalóð Leikskóla Seltjarnarness.

Ekki voru önnur mál tekin fyrir.

Dagskrá næsta fundar

Ekki var lögð fyrir dagskrá fyrir næsta fund.

Fundi lauk kl. 09:00. Næsti fundur var ekki ákveðinn.
Fundargerð ritaði Ólafía Harðardóttir.

Fundargerð verður sett á vef LS eftir að fundarmenn hafa samþykkt fundargerð með tölvupósti til fundarritara.

Fylgiskjal:

Bréf foreldraráðs til skólanefndar, dags. 21. janúar 2013.

Seltjarnarnesi, 21. janúar 2013

Efni: Öryggismál á leikskólalóð Leikskóla Seltjarnarness o.fl.

Athygli foreldraráðs hefur verið vakin á málisem foreldrar barns í Leikskóla Seltjarnarness hafa staðið í gagnvart Seltjarnarnesbæ og Leikskóla Seltjarnarness. Að mati foreldraráðs gefur málið tilefni til að vekja athygli skólanefndar Seltjarnarness á því sem og óska viðbragða nefndarinnar, af ýmsum ástæðum, sem raktar verða í bréfi þessu.

1. Slys á leikskólalóð

Aðdragandi málsins er sá að barnið sem er 5 ára gamalt, lenti í alvarlegu slysi á leikskólalóð Leikskóla Seltjarnarness, Sólbrekku þann 9. maí 2012. Barnið sem var að leik og á ábyrgð forsvarsmanna leikskólansdatt úr 17 ára gömlum „leikkastala“ á leikskólalóðinni, niður á möl meðfram kastalanum, eftir því sem starfsfólk leikskólans hefur greint frá. Engin vitni voru að slysinu að því er virðist enda þótt slysið hafi átt sér stað á leikskólatíma þegar börnin eiga að vera undir eftirliti starfsfólks leikskólans. Að sögn lögreglufulltrúa sem kom á staðinn féll barnið úr hæðinni 2,30 metrum niður á mölina meðfram tækinu. Barnið var í kjölfarið flutt með sjúkrabíl á slysadeild Landspítala Fossvogi.

Afleiðingar slyssins urðu þær að barnið hlaut alvarlegt beinbrot á fæti og var í kjölfarið gipsað frá tám upp í nára, bundið við hjólastól í u.þ.b. 10 vikur og hlaut endurhæfingu í u.þ.b. 16 vikur. Barnið var illa kvalið á meðan á þessu stóð og dagana í kjölfarið og á sterkum verkjalyfjum. Foreldrar barnsins urðu jafnframt fyrir talsverðum óþægindum sökum þessa sem og fjárhagslegu tjóni m.a. vegna útlagðs kostnaðar og vinnutaps sem þó verður að teljast léttvægt í samanburði við það sem barnið þurfti að ganga í gegnum.

Það skal tekið fram að foreldrar barnsins hafa lagt fram kvörtun til innanríkisráðuneytisins vegna aðgerðarleysis Seltjarnarnesbæjar og aðkomu hans að málinu í heild sinni eins og sjá má á fylgiskjali 1 með bréfi þessu.

2. Athugasemdir eftirlitsaðila við ástand leikskólalóðar og leiktækja

Eftir að hafa kynnt sér málið og kvörtun foreldranna til ráðuneytisins vakna ýmsar spurningar að mati foreldraráðs. Það sem veldur foreldraráði mestum áhyggjum er að í kjölfar slyssins kom í ljós að *Seltjarnarnesbær virðist ekki hafa brugðist við ítrekuðum athugasemdum eftirlitsaðila vegna atriða sem ekki voru talin í lagi á leikskólalóðinni, um margra ára skeið.*

Af gögnum eftirlitsaðila má ráða aðgerðar hafi verið athugasemdir við ýmis atriði varðandi leiktækið sem slysið varð í, sem og fallundirlagið í kringum tækið, í þriggung allt frá árinu 2007. Árin 2007, 2009 og 2010 eru gerðar athugasemdir við að fallundirlag á leikskólalóðinni sé ófullnægjandi og *gerðar kröfur um lagfæringu innan þriggja mánaða* þar sem áhætta af ástandinu er metin „*talsverð*“ samkvæmt skýrslum eftirlitsaðila. Þrátt fyrir þetta virðist sem Seltjarnarnesbær bregðist ekki við og láti lagfæra leiksvæðið. Skýrslur eftirlitsaðila benda jafnframt til þess að *fleiri hlutir en fallundirlag á leiksvæðinu hafi verið í ólagi um árabil og bæjarfélagið ekki séð ástæðu til að bregðast við og láta lagfæra leiksvæðið þrátt fyrir kröfu eftirlitsaðila þar um*. Sem dæmi má nefna að eftirlitsaðilar hafa gert ítrekaðar athugasemdir við aðfallundirlag eða gúmmímottur við rólur séu ófullnægjandi, borð séu ekki físt á leiksvæðinu, hæð undir girðingu og hlið sé of mikil, hæð undir setu á rólum sé ekki rétt á leiksvæðinu, án þess að brugðist hafi verið við því af hálfu bæjaryfirvalda og viðeigandi lagfæringar gerðar. Þá hafa verið gerðar athugasemdir af hálfu eftirlitsaðila við að fallundirlag við hús (leiktæki) sé ófullnægjandi, fallundirlag við steinrör þar sem trétröppur eru innan fallsvæðis sé ófullnægjandi, fallundirlag við grindverk meðfram hjólabraut sé ófullnægjandi (áhætta af þremur síðastnefndu þáttunum metin *talsverð* og skuli lagfærð innan þriggja mánaða sem eru löngu liðnir) og að klemmihætta sé við hlið. Ítrekað kemur það fyrir að lausir hlutir á leiksvæðinu eru innan fallsvæða leiktækja sem er ekki fullnægjandi að mati eftirlitsaðila. Veldur þetta foreldraráði áhyggjum.

Það er að mati foreldraráðs áhyggjuefni að sveitarfélagið hefur látið undir höfuð leggjast að bregðast við athugasemdum eftirlitsaðila með eðlilegum hætti og tryggja öryggi barna leikskólans og koma í veg fyrir augljósa slyshættu. Svo virðist sem sveitarfélagið bregðist ekki með fullnægjandi hætti við þeim athugasemdum sem gerðar eru við aðbúnað leiktækja á leiksvæðinu eða leiksvæðisins sjálfs þrátt fyrir ítrekaðar kröfur eftirlitsaðila þar um. Svo virðist sem bæjarfélagið telji sér heimilt að láta framkvæma málamyndalagfæringar eftir eigin hentugleik í stað þess að ganga skrefið til fulls og bregðast við öllum athugasemdum með fullnægjandi hætti eins og krafa er gerð um af hálfu eftirlitsaðila og lögum samkvæmt.

3. Eftirlit bæjarfélagsins sjálfs og skortur á eftirfylgni

Einnig veldur það foreldraráði áhyggjum að Seltjarnarnesbær sjálfur virðist hafa látið framkvæma leiktækjaskoðun á leikskólalóðinni 24. október 2011 þar sem gerðar eru ýmsar athugasemdir við undirlag og ástand leiktækja á leikskólalóðinni. Þrátt fyrir það að eftirlitsmaður bæjarfélagsins geri athugasemdir við ástand leikskólalóðarinnar og tækja sem þar eru staðsett, sem bæjarfélagið sjálft er ábyrgt fyrir, virðast engar lagfæringar hafa verið framkvæmdar í kjölfar skoðunarinnar, enda allir eftirfylgnidálkar á blaðinu auðir. Rétt er að taka það fram að skoðunarskýrslan er reyndar svo ófullkomin að nánast er ómögulegt að gera sér grein fyrir því hvaða athugasemdir er verið að gera við tiltekín leiktæki.

4. Ekki brugðist við með fullnægjandi hætti í kjölfar slyssins

Samkvæmt upplýsingum frá foreldrum barnsins var tækið sem slysið varð í ekki fjarlægt fyrr en rúmlega tveimur vikum eftir slysið og var öðrum börnum í leikskólanum leyft að leika sér í því eins og ekkert hefði í skorist fram að þeim tíma. Þetta var látið viðgangast þótt bæjaryfirvöldum væri hættan ljós og öðrum börnum en því sem lenti í slysinu, stefnt í hættu á umræddum tíma. Það sem verra er, þá lét bæjarfélagið þetta viðgangast, vitandi það, að af

notkun tækisins höfðu hlotist fleiri alvarleg slys en einungis það sem umrætt barn varð fyrir eins og sjá má af upplýsingum úr slysaskráningu leikskólans. Raunar höfðu a.m.k. fjögur önnur slys orsakast af tækinu eða fallundirlaginu í kringum það, þ.m.t. handleggsbrot (árið 2003) og kjálkabrot (árið 2005), áður en umrætt slys varð. Það slys sem hér um ræðir var því a.m.k. fimmta alvarlega slysið sem varð af völdum tækisins eða fallundirlagsins í kringum það. Að mati foreldraráðs eru þessi vinnubrögð bæjaryfirvalda mjög ámælisverð, enda hefði verið hægt leikur að tryggja að ekkert barn gæti klifrað upp í umrætt leiktæki frá því slysið varð þar til tækið var fjarlæggt. Raunar er það mat foreldraráðs að bæjaryfirvöld hefðu átt að láta fjarlægja tækið af leiksvæðinu fyrir mörgum árum síðan, a.m.k. í kjölfar slyssins sem orsakaði kjálkabrot barns sem var að leik í því árið 2005 og hefði þar með mátt koma algerlega í veg fyrir það slys sem er tilefni bréfs þessa.

Velt er upp þeirri spurningu hver sé ábyrgð bæjarfélagsins á þessum slysum og hver beri upplýsingaskyldu gagnvart þeim börnum sem hér áttu í hlut og foreldrum þeirra og beri að benda á möguleg orsakatengsl þarna á milli enda ljóst að hugsanlega hefur þar verið á ferðinni bótaskyld atvik bæjarfélagsins vegna vítaverðar, ólögmatrar og saknæmrar vanrækslu á að láta lagfæra undirlag við leiktækið eða leiktækið sjálft.

Þá er það mat foreldraráðs að það sé mjög ámælisvert að bæjaryfirvöld skyldu ekki bregðast við þegar í stað og láta lagfæra fallundirlag á leikskólalóðinni eftir ítrekaðar athugasemdir eftirlitsaðila að ekki sé talað um í kjölfar þess slyss sem hér um ræðir og að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir samkvæmt slysaskráningu leikskólans um fleiri alvarleg slys. Foreldraráð fær ekki skilið hvernig bæjaryfirvöld gátu horft framhjá þessum mikilvægu staðreyndum og ákveðið að aðhafast ekkert.

5. Alvarleg brotalöm í slysaskráningu leikskólans

Foreldraráð telur það jafnframt vera sérstakt áhyggjuefni hvað varðar slysaskráningu í Leikskóla Seltjarnarness að skráningu slysa vantar fyrir árin 2003-2005 og 2009, þannig að vel má vera að fleiri slys hafi í raun átt sér stað í umræddu leiktæki án þess að það komi fram í upplýsingum bæjarfélagsins. Það sem verra er, að mönnum mun nú hugsanlega yfirsjást einhver leiktæki eða aðstaða á leikvelli leikskólans sem geta verið hættuleg í ljósi slysasögu þeirrar sem ætti að vera unnt að lesa út úr slysaskránni ef hún hefði verið haldin óslitin lögum samkvæmt. Þessi misbrestur á slysaskráningu er mjög alvarlegur að mati foreldraráðs.

6. Ástæða til að greina upplýsingar úr slysaskrá og setja í samhengi við aðstæður á leikskólalóðinni

Foreldraráð telur það mjög alvarlegt sem liggur fyrir í málinu að samkvæmt upplýsingum úr slysaskráningu leikskólans hefur a.m.k. eitt barn hlotið hælbrott við leik á leikskólalóðinni (árið 2006). Leiða má mjög sterkar líkur að því að umrætt hælbrott hafi verið afleiðing af því að fallundirlag við rólur hafi ekki verið fullnægjandi með hliðsjón af þeim staðreyndum sem hér hafa verið raktar og vanrækslu bæjaryfirvalda til margra ára, á að láta lagfæra fallundirlag við rólur. Á sama hátt og spurt var fyrr í béli þessu mætti spyrja að þessu tilefni hver sé ábyrgð bæjarfélagsins á þessu slysi og hver beri upplýsingaskyldu gagnvart því barni og foreldrum sem hér um ræðir.

Nefna mætti *fleiri tilvik* um slys og afleiðingar þeirra á umræddri leikskólalóð sem að mati foreldraráðsættu að kalla á sérstaka aðgæslu bæjarfyrivalda og gæfu brýnt tilefni til að aðgæta öryggi barnanna á leikskólalóðinni betur. Árið 2011 fellur barn t.d. úr tré á leikskólalóðinni og handleggsbrotnar auk þess sem barn hrasar í bát og úlnliðsbrotnar. Dæmi eru um að börn falli af steypuröri og inni í röri m.a. með þeim afleiðingum að tannbrot hlýst af og skurður á enni. Barn rennir sér árið 2008 niður rennibraut á maganum og hýtur af því tannbrot tveggja tanna. Árið 2005 fótbrotnar barn við að hoppa af göngubrú við sandkassa. Getur verið með vísan til framangreinds, að ófullnægjandi fallundirlag hafi þar haft eitthvað að segja? Skyldu öll öryggisatriði hafa verið í lagi þegar þessi slys áttu sér stað? *Að mati foreldraráðs er sérstök ástæða fyrir bæjaryfirvöld að skoða öryggisatriðin á leikskólalóðinni, þær athugasemdir sem eftirlitsaðilar hafa gert og þau slys sem orðið hafa á leikskólalóðinni þau árábil sem skráning hefur átt sér stað og setja þessa hluti alla í samhengi.* Var e.t.v. rík ástæða og tilefni í aðdraganda þessara slysa til að gera viðeigandi ráðstafanir og láta lagfæra þá hluti sem ekki voru í lagi á leikskólalóðinni í samræmi við ábendingar eftirlitsaðila?

7. Handbók fyrir starfsfólk leikskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi barna og slysavarnir í leikskólum

Foreldraráð vekur athygli á því að í gildi *erreglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009* þar sem kveðið er á um *skyldu sveitastjórnar til að útbúa handbók fyrir starfsfólk leikskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi barna og slysavarnir í leikskólum*(10. gr.).Leiðbeiningar þessar skulu grundvallaðar á gildandi lögum og reglugerðum um öryggis-, skipulags- og byggingarmál og samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir leikskóla, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Leiðbeiningarnar skulu staðfestar af sveitarstjórn sem jafnframt skal sjá um að þær séu *aðgengilegar almenningi á heimasíðu skólans eða sveitarfélagsins eða með öðrum hætti og kynntar í skólasamfélaginu.*

Engar upplýsingar liggja fyrir um hvort slík handbók hafi verið gerð af hálfu Seltjarnarbæjar fyrir starfsfólk Leikskóla Seltjarnarness þótt brýn þörf væri á, að mati foreldraráðs. Sé slík handbók til er hún a.m.k. ekki aðgengileg á heimasíðu leikskólans eða sveitarfélagsins eftir því sem næst verður komist. *Sé það rétt að engin slík handbók sé til fer foreldraráð fram á það að skólanefnd beiti sér fyrir því að bæjarfélagið standi við lagaskyldur sínar í þeim efnum og útbúi slíka handbók og geri aðgengilega á heimasíðu.*

8. Handbók leikskólastjóra vegna úttektar á útileiktækjum leikskólanna.

Rétt er að vekja athygli á því að svo virðist sem til sé *Handbók leikskólastjóra, v/úttektar á útileiktækjum leikskólanna.*¹ Sú handbók er þó hvergi aðgengileg almenningi, enda kannski ekki endilega sjálfsögð krafa um það. Verra er, að umrædd handbók virðist heldur ekki vera aðgengileg skólastjóra Leikskóla Seltjarnarness, þar sem skólastjórinn kannast ekki við tilvist handbókarinnar.² *Að mati foreldraráðs er nauðsynlegt að leikskólastjóri sé upplýstur um*

¹ Sjá heimasíðu Seltjarnarbæjar, <http://www.seltjarnarnes.is/stjornsysla/fundargerdir/skolanefnd/nr.588>. Þar er að finna fundargerð 114. fundar skólanefndar Seltjarnarbæjar, frá 20. nóvember 2002, þar sem segir orðrétt undir 6. lið fundargerðar: Öryggismál í leikskólum Seltjarnarness: „Leikskólastjórar hafa fengið sérstakt skráningarblað í *Handbók leikskólastjóra, v/úttektar á útileiktækjum leikskólanna.*“ [Leturbreyting er foreldraráðs].

² Samkvæmt upplýsingum foreldra barnsins var skólastjórinn spurður um tilvist handbókarinnar á foreldrafélagsfundi 22. nóvember sl. Skólastjórinn kannaðist ekki við að umrædd handbók væri til.

tilvist handbókarinnar og innihald hennar sé raunin sú að handbókin sé til. Þar að auki kann að vera rétt að athuga hvort einhverju sé ábótavant varðandi lýsingu verklags í þeirri handbók (sé hún til, eins og ætla má af gögnum bæjarfélagsins) eða varðandi framkvæmd á grundvelli handbókarinnar, sem gerir það að verkum að ekki er hlutast til um að lagfæringar séu gerðar í kjölfar athugasemda eftirlitsaðila.

9. Ábyrgð Seltjarnarnesbæjar

*Seltjarnarnesbær er rekstraraðili Leikskóla Seltjarnarness og ber sem slíkur ábyrgð á því að leiksvæði og leikvallatæki þess séu í samræmi við ákvæði **reglugerðar nr.942/2002 um öryggi leikvalla og leiksvæða og eftirlit með þeim**. Öll leiktæki og aðstaða á leiksvæðum leikvalla, þar með talið fallundirlag, skulu vera í samræmi við staðla sem vísað er til í reglugerðinni. Að mati foreldraráðs er ljóst með hliðsjón af athugasemdum eftirlitsaðila sem raktar hafa verið hér að framan sem og fyrirliggjandi gögnum, að Seltjarnarnesbær hefur ekki séð til þess að svo sé. Foreldraráð telur ámacilsvert að á leikskólalóðinni hafi verið í notkun 17 ára gamalt leiktæki þrátt fyrir kröfur í reglugerð um endurnýjun leiktækja fyrir árslok 2006 þannig að öll leiktæki á skólalóðinni gætu uppfyllt kröfur um staðla samkvæmt reglugerð. Foreldraráð gerir þá kröfu til bæjarfélagsins að það tryggi að á leikskólalóðinni séu einungis leiktæki sem uppfylla kröfur samkvæmt viðurkenndum stöðlum í samræmi við framangreinda reglugerð sem og að fallundirlag á lóðinni sé í samræmi við staðla.*

Foreldraráð leggur áherslu á mikilvægi þess að bæjarfélagið tryggi að framkvæmd reglubundinna yfirlitsskoðana á leiksvælum leikskólans sé fullnægjandi. Slíkar skoðanir eru framkvæmdar afstarfsmönnum leikskólans sjálfs og getur þurft að framvæma daglega og er tilgangur hennar að greina hættur við leikvallatæki. *Hún felst m.a. í því að raka til mól og sand til að jafna yfirborðsefni undir leikvallatækjum. Að mati foreldraráðs hefur þessum eftirlitsþætti verið verulega ábótavant. Spyrja má í þessu sambandi hvort starfsmenn hafi næginlega þekkingu til að geta framkvæmt reglubundnar yfirlitsskoðanir með fullnægjandi hætti samkvæmt framangreindu.*

Í gögnum málsins kemur fram að Seltjarnarnesbær sá ekki til þess að láta aðalskoðun fara fram árið 2011 þrátt fyrir kröfu eftirlitsaðila þar um. Gerð er krafa um það í 3. gr. *reglugerðar nr. 942/2002 um öryggi leikvalla og leiksvæða og eftirlit með þeim* að aðalskoðun fari fram að hámarki með 12 mánaða millibili. *Foreldraráð gerir kröfu um það að skólanefnd tryggi að aðalskoðanir fari fram á leikskólalóðinni í samræmi við áskilnað laga og reglugerða sem og kröfur eftirlitsaðila héðan í frá. Jafnframt gerir foreldraráð kröfu til þess að skólanefnd tryggi að framkvæmdar séu rekstrarskoðanir og reglubundnar yfirlitsskoðanir í samræmi við ákvæði reglugerðar.*

10. Upplýsingum til foreldraráðs ábótavant

Rétt er að taka það fram að foreldraráð telur það einkennilegt að ráðið sjálft og aðrir foreldrar leikskólans hafi ekki verið upplýstir um það alvarlega slys sem átti sér stað á leikskólalóðinni og er tilefni bréfs þessa. Jafnframt að komið hefði í ljós að ástand leikskólalóðarinnar væri ekki í samræmi við þá staðla og kröfur sem gerðar væru til slíkra lóða. Að mati foreldraráðs var full ástæða til að upplýsa foreldra leikskólabarna leikskólans um þessi atriði og jafnframt greina frá því til hvaða ráðstafana leikskólinn hyggðist grípa í framhaldinu til að koma í veg

fyrir að slíkt gæti endurtekið sig. Foreldraráð óskar eftir því að tryggt verði í framhaldinu að foreldraráð verði upplýst um þau slys sem verða á leikskólalóðinni, orsakir þeirra og afleiðingar.

11. Skýrslur eftirlitsaðila gerðar opinberar

Foreldraráð óskar eftir því að skólanefnd beiti sér fyrir því að þær skýrslur eftirlitsaðila sem fyrir liggja varðandi leiksvæði á ábyrgð Seltjarnarnesbæjar verði gerðar opinberar og að þær verði birtar á heimasíðu bæjarfélagsins. Jafnframt verði birt áform bæjarfélagsins um úrbætur og innan hvaða tímafrests svo foreldrum barna sem búa í sveitarfélaginu verði gert kleift að fylgjast með framvindu mála og öryggi á leiksvæðum barnanna. Að mati foreldraráðs er það allra hagur að öryggi barna á leiksvæðum sem eru á ábyrgð Seltjarnarnesbæjar sé sem tryggast. Foreldrar verða að geta treyst því að bæjarfélagið búi börnum þeirra í raun öruggt og leikvænt umhverfi í samræmi við lög, reglugerðir, staðla og kröfur eftirlitsaðila.

12. Önnur leiksvæði á ábyrgð Seltjarnarnesbæjar

Foreldraráð óskar eftir því að skólanefnd Seltjarnarness kanni og upplýsi foreldraráð Leikskóla Seltjarnarness og Grunnskóla Seltjarnarness um hvernig málum er háttað á leiksvæðum grunnskóla bæjarfélagsins sem og öðrum leiksvæðum sem eru á ábyrgð bæjarfélagsins og lúta sömu reglum og leiksvæði leikskóla, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 942/2002 um öryggi leikvalla og leiksvæða og eftirlit með þeim, með síðari breytingum. Óskað er eftir því að lagðar verði fram skýrslur eftirlitsaðila við þau leiksvæði sem hér um ræðir síðastliðin 10 ár eða frá og með gildistöku reglugerðar nr. 942/2002, með síðari breytingum. Jafnframt er óskað eftir því að lagðar verði fram upplýsingar úr slysaskrá bæjarfélagsins um þessi sömu leiksvæði á sama tímabili.

13. Samantekt

Með vísan til framangreinds er það krafa foreldraráðs að skólanefnd Seltjarnarnesbæjar taki mál þetta til umfjöllunar og geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að:

- a) farið verði að fyrirmælum eftirlitsaðila og tekið á öllum athugasemdum þeirra með fullnægjandi hætti og viðeigandi ráðstafanir gerðar til úrbóta, innan tilskilins tíma;
- b) eftirfylgni bæjarfélagsins með því að lagfærð séu öll atriði sem athugasemdir eru gerðar við sé fullnægjandi;
- c) komið verði í veg fyrir að börn geti leikið sér í leiktækjum eða á þeim hluta leikvallarins þar sem hættuástand hefur skapast af einhverjum orsökum, þegar í stað, með viðeigandi hætti, svo sem innsíglun leiktækja eða svæða eða með því að fjarlægja hættuleg tæki;
- d) fallundirlag á leikskólalóðinni sé ávallt í samræmi við staðla og kröfur reglugerðar og viðhaldi á því háttað með fullnægjandi hætti, þ.m.t. jöfnun yfirborðs, sópun stétta o.fl. Tryggja þarf að þetta eftirlit sé framkvæmt daglega;
- e) öll leiktæki á leikskólalóðinni séu ávallt í samræmi við staðla og þeim viðhaldið með fullnægjandi hætti. Gengið verði úr skugga um það hvort leikskólinn hafi í notkun leiktæki á leikskólalóðinni sem eru ekki sérstaklega vottuð af framleiðanda og í samræmi við staðla samkvæmt framangreindri reglugerð. Ekki hefur fengist staðfest af hálfu bæjaryfirvalda hvort öll leiktæki á leikvellingum séu merkt framleiðanda og í samræmi við staðla eins og krafa er gerð um í reglugerð nr.942/2002, með síðari breytingum;
- f) gengið verði úr skugga um það að leikskólalóðin sé þannig úr garði gerð að starfsfólk geti haft góða yfirsýn yfir öll svæði lóðarinnar þannig að unnt sé að hafa fullnægjandi eftirlit

- með leik barna á leikskólalóðinni. Gerðar verði viðeigandi breytingar telji menn einhverju ábótavant í þessu sambandi;
- g) *mönnun starfsfólksá útileiksvæðum sé þannig háttáð að öll svæði séu vöktuð öllum stundum á meðan börn eru þar að leik;*
 - h) *sveitarfélagið láti framkvæma lögboðnar aðalskoðanir á réttum tíma í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og kröfur eftirlitsaðila;*
 - i) *reglubundnum eftirlitsskoðunum í Leikskóla Seltjarnarness verði fullnægt með viðeigandi hætti. Samkvæmt áskilnaði reglugerðar nr. 942/2002, með síðari breytingum, getur þurft að jafna fallundirlag við leiktæki daglega, auk þess sem reglulega þarf að fylgjast með því að fallundirlag sé nægilega djúpt og gljúpt til að geta gegnt hlutverki sínu. Tryggja verður bættu framkvæmd hvað þetta atriði varðar;*
 - j) *gerðar verði ráðstafanir til að tryggja að sveitarfélagið verði hæft til að framkvæma öryggisúttektir sjálf eins og krafa er um samkvæmt reglugerð nr. 942/2002, með síðari breytingum. Skoðun sú sem bæjarfélagið lét t.d. framkvæma 24. október 2011 var svo ónákvæm að ekki er unnt að greina hvaða athugasemdir er verið að gera við hvaða leiktæki;*
 - k) *gerð verði greining á slysaskráningu leikskólans með tilliti til þess hvort finna megi hugsanlegar slysaáhrif á leiksvæðinu. Komi í ljós einhverjir ágallar, verði þegar í stað brugðist við og gerðar viðeigandi ráðstafanir til úrbóta eða viðkomandi leiktæki fjarlæggt;*
 - l) *skráning slysa í slysaskráningarkerfi leikskólans verði ávallt viðhöfð svo tryggja megi fullkomna samfellu í skráningu þeirra. Verði slys á leikskólalóðinni skal það þegar skráð í slysaskráningarkerfið og jafnframt kannað hvort önnur sambærileg slys hafi átt sér stað áður með svipuðum hætti. Hafi það gerst skuli þegar brugðist við með viðeigandi úrbótum eða að leiktæki verði fjarlæggt;*
 - m) *útbúin verði handbók fyrir starfsfólk leikskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi barna og slysavarnir í leikskólum, í samræmi við áskilnað reglugerðar nr. 655/2009;*
 - n) *skólastjóri Leikskóla Seltjarnarness verði upplýstur um tilvist Handbókar leikskólastjóra, v/úttektar á útileiktækjum leikskólanna. Eðli málsins samkvæmt er framkvæmdin ekki eins og best verður á kosið ef þeir aðilar eru ekki upplýstir um skyldur sínar og eðlilega framkvæmd mála sem nauðsynlegt er að fá viðeigandi upplýsingar. Þá er óskað eftir því að kannað verði hvort einhverju sé ábótavant í framangreindu leiðbeiningarriti, sé það til í raun og veru;*
 - o) *foreldraráð verði upplýst um þau slys sem verða á leikskólalóðinni, orsakir þeirra og afleiðingar;*
 - p) *skýrslur eftirlitsaðila sem fyrir liggja varðandi leiksvæði á ábyrgð Seltjarnarnesbæjar verði gerðar opinberar og að þær verði birtar á heimasíðu bæjarfélagsins. Jafnframt verði birt áform bæjarfélagsins um úrbætur og innan hvaða tímafrests svo foreldrum barna sem búa í sveitarfélaginu verði gert kleift að fylgjast með framvindu mála og öryggi á leiksvæðum barnanna; og*
 - q) *öll leiksvæði á ábyrgð Seltjarnarnesbæjar uppfylli kröfur samkvæmt lögum, reglugerðum og athugasemdum eftirlitsaðila.*

Foreldraráð beinir þeim tilmælum til skólanefndar að hlutast verði til um að sveitarfélagið setji sérverklagsreglur um það hvernig eftirliti bæjarfélagsins sjálfs verði sinnt með fullnægjandi hætti auk þess hvernig brugðist verði við athugasemdum eftirlitsaðila, m.a. hvað varðar framkvæmd og tímasetningar úrbóta og að þeim verklagsreglum verði fylgt í hvívetna.

Óskað er eftir svörum skólanefndar Seltjarnarness við því hvernig hún hyggst bregðast við máli þessu og tryggja að tekið verði á þeim þáttum sem taldir hafa verið upp hér að

framan. Telji nefndin ástæðu til að bregðast við fleiri atriðum en hér hafa verið nefnd er óskað eftir því að foreldraráð verði upplýst um það.

Foreldraráð leggur á það áherslu að það telur óásættanlegt annað en að sveitarfélagið hafi það markmið að leiðarljósi, að leikskólar, grunnskólar og önnur leiksvæði barna á Seltjarnarnesi séu rekín og starfrækt í samræmi við lög og reglugerðir og án athugasemda eftirlitsaðila. Jafnframt að tryggt verði að það athafnaleysi sem viðgengist hefur af hálfu sveitarfélagsins, í lengri tíma að því er virðist, endurtaki sig aldrei aftur.

Þess er óskað að skriflegt svar við bréfi þessu berist *eins fljótt og kostur er* enda brýnir hagsmunir af því að velferð og öryggi þeirra barna sem nýta leiksvæði á ábyrgð Seltjarnarnesbæjar sé tryggt hið fyrsta.

Virðingarfyllt,

f.h. foreldraráðs Leikskóla Seltjarnarness,


Hildigunnur Magnúsdóttir, formaður


Svana M. Davíðsdóttir, varaformaður